

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 203/2012

2013/EES/6/13

frá 26. október 2012

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/10/EB frá 2. desember 2008 um eyðublað fyrir skýrslur um stórslys samkvæmt tilskipun ráðsins 96/82/EB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 23aa (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/605/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„23ab. **32009 D 0010**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/10/EB frá 2. desember 2008 um eyðublað fyrir skýrslur um stórslys samkvæmt tilskipun ráðsins 96/82/EB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna (Stjtið. ESB L 6, 10.1.2009, bls. 64).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/10/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 6, 10.1.2009, bls. 64.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.